



## Aflamark Byggðastofnunar Samkomulag um aukna byggðafestu á Hólmavík

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu á allt að 500 þorskígildistonna Aflamarks Byggðastofnunar fiskveiðiárin 2024/2025, 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030 í því skyni að treysta byggðafestu. Samningur þessi er gerður á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016, umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila. dags. 28. maí 2024, sem er fylgiskjal með samningi þessum og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 25. júní 2024.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun, kt. 450679-0389, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki
- Vilji fiskverkun ehf., kt. 520721-0370, Höfðagötu 3a, 510 Hólmavík
- Vissa útgerð ehf., kt. 610621-2360, Lækjartúni 17, 510 Hólmavík
- Von Harðfiskverkun ehf., kt. 490902-3170, Eyrartröð 11, 220 Hafnarfirði
- Egg ráðgjöf ehf., kt. 610120-0240, Súluhöfða 9, 270 Mosfellsbæ
- Æður ehf., kt. 670188-2489, Borgarbraut 2, 510 Hólmavík
- Gráðuvík ehf., kt. 490402-4460, Víkurtúni 16, 510 Hólmavík
- Sævík ehf., kt. 510313-0540, Skólabraut 14, 510 Hólmavík
- Gíslabali ehf., kt. 410617-0720, Miðtúni 3, 510 Hólmavík
- Gámaþjónusta Hólmavíkur, kt. 450702-2340, Vitabraut 13, 510 Hólmavík
- Hafvík ehf., kt. 430702-2030, Hafnarbraut 17, 510 Hólmavík
- Steinunn frá Naustvík ehf., kt. 441215-0370, Lækjartúni 2, 510 Hólmavík
- Gola útgerð ehf., kt. 450324-0350, Broddadalsá 2, 511 Hólmavík
- Dráttur ehf., kt. 450100-3150, Víkurtúni 16, 510 Hólmavík

### 1. Markmið

Meginmarkmið samnings þessa er að auka byggðafestu í byggðarlaginu. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, þ.e.a.s. að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi í byggðarlaginu.

### 2. Samningstími og árangursmat

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðiárin 2024/2025, 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030. Í lok hvers fiskveiðiárs skulu samningsaðilar gera Byggðastofnun grein fyrir framgangi verkefnisins á nýliðnu fiskveiðiári og hvort árangursviðmið hafi náðst, á því formi sem stofnunin óskar. Við lok samningstímans verður lagt mat á hvort markmið samningsins og árangursviðmið umsóknarinnar sem samningurinn byggir á hafi gengið eftir.

PM

EJ 46

www byggdastofnun.is

P.A. G. M. H.T.  
BI E.P.R. SAV ADG  
T.S. AME



### 3. Fyrirvari um magn

Samningurinn er gerður með fyrirvara um það magn sem ráðherra ákvarðar með reglugerð skv. 10. gr. a. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sbr. 3. gr. sömu laga til Aflamarks Bygðastofnunar ár hvert.

### 4. Fjöldi starfa, vinnslumagn og áhrif á atvinnulíf og samfélag

Samningsaðilar skuldbinda sig til að skapa og viðhalda á samningstímanum þeim starfafjölda, vinna það magn, auk annars mótframlags, og sinna þeim jákvæðu áhrifum á atvinnulíf og samfélag sem fram koma í umsókn þeirra.

### 5. Samstarf aðila

Samstarfsaðilar Bygðastofnunar skulu gera með sér samkomulag um veiðar og vinnslu, sem er fylgiskjal með samningi þessum, og tekur m.a. á skiptingu Aflamarks Bygðastofnunar á milli aðila, mótframlag hvers aðila og verðviðmiðun í uppgjöri milli veiða og vinnslu. Undirrituðu afriti samkomulags skal skila til Bygðastofnunar og eru skil á því forsenda úthlutunar aflamarks samkvæmt samningi þessum.

### 6. Framsal aflamarks

Framsal aflamarks sem er úthlutað samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. Samningsaðilar skulu gera grein fyrir öllum slíkum skiptum og/eða vistunarsamningum þannig að ljóst sé með samanburði við gögn Fiskistofu hvernig umsamið Aflamark skilar sér til veiða og vinnslu samkvæmt samningi þessum.

### 7. Breytingar á högum

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Bygðastofnunar eins fljótt og auðið er. Forsvarsmenn samningsaðila skulu tilkynna stofnuninni um breytingar á eignarhaldi samningsaðila og bera ábyrgð á því að eignarhald félaga samningsaðila sé í samræmi við lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með síðari breytingum.

### 8. Eftirlit

Vegna eftirlits með framkvæmd samnings er Bygðastofnun m.a. nauðsynlegt að fá aðgang að upplýsingum úr gagnagrunni Fiskistofu. Með vísan til 1. mgr. 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 veita samningsaðilar samnings þessa um aukna byggðafestu (Aflamark Bygðastofnunar), Bygðastofnun hér með umboð til að fá þær upplýsingar úr gagnagrunni Fiskistofu, auk upplýsinga frá öðrum yfirvöldum, þar með talið skattýfirvöldum, sem hún telur nauðsynlegar vegna eftirlits með samningi þessum á því formi sem sérfræðingar hennar og viðkomandi stofnana koma sér saman um.

P.Á  
PM  
SAU  
E.H.  
H.T  
Anne  
E.P.R.  
A.P.S.



#### 9. Samningsbrot

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðar nr. 643/2016 verið brotin sbr. 9. greinar hennar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða auk afturköllunar úthlutunar. Sé úthlutað Aflamark Byggðastofnunar nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða áður nefndri reglugerð skal útgerðarútgerðaraðili skila sama magni aflamarks aftur til Byggðastofnunar.

#### 10. Umsýslugjald

Samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 14. gr. laga um Byggðastofnun er stofnuninni heimilt að taka gjald fyrir umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar. Gjaldið ákvarðast **að lágmarki 20** vinnustundir samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar hverju sinni og er innheimt við úthlutun hvers fiskveiðiárs. Verði umsýsla vegna samningsins verulega umfangsmeiri á tímabilinu verða fleiri vinnustundir innheimtar samkvæmt tímaskýrslum starfsmanna og gjaldskrá hverju sinni. Gjaldldagi umsýslugjalds er 1. september ár hvert á samningstímabilinu og eindagi 15 dögum síðar.

#### 11. Birting samnings

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasíðu sinni.


#### 12. Gildistími samnings

Samningurinn gildir frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2030 og fellur þá úr gildi án sérstakrar tilkynningar samningsaðila.

Hólmavík 26 ágúst 2024



f.h. Byggðastofnunar



f.h. Vilja fiskverkunar ehf.



f.h. Vissu útgerðar ehf.



f.h. Vönnur harðfiskverkunar ehf.



f.h. EGG ráðgjafar ehf.



f.h. Æðurs ehf.

P.A.  E.P.L.  
SÁU  ET HK AP'S  
BI  H.T.



Hilmar Gunnarsson  
f.h. Gráðuvíkur ehf.

Ellefr Jústeinsson  
f.h. Sævíkur ehf.

Páll Áskel  
f.h. Gíslabala ehf.

Logundur Ben Vithjálsson  
f.h. Gámaþjónustu Hólmavíkur ehf.

Magnús Guð  
f.h. Hafvíkur ehf.

Steinnur  
f.h. Steinunnar frá Naustvík ehf.

Hafþór Torfason  
f.h. Golu útgerðar ehf.

Einar Þór  
f.h. Dráttar ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

Þröstur Áskel 301072-4499 Arnyttuld Haraldsd. 150185-2899